



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 21. ágúst 2013

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 16. júlí 2013 gerðu Fjármálaeftirlitið og Ríkisútvarpið ohf. með sér sátt vegna brots þess á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Ríkisútvarpið ohf., sem útgefandi skuldabréfa sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði á Íslandi, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki staðið skil á lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum á réttum tíma.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var málinu lokið með sátt að fjárhæð 300.000 krónur.